

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir 28. mgr. 84. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í fólksflutningum og fjölmenningu (e. Migration and multicultural society) er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í hnattrænum fræðum.

#### 2. gr.

Á eftir 17. mgr. 86. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í hamfarafélagsráðgjöf er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

- a. Stafliður e í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir núverandi h-lið 1. mgr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: Til MA-prófs í norðurslóðafræðum.
- c. Á eftir 11. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Meistaránám í norðurslóðafræðum (e. Arctic Studies) er 120 eininga hagnýtt og fræðilegt nám í samstarfi við Háskóla Grænlands. Markmið námsins er að undirbúa nemendur undir vinnumarkaðinn og/eða doktorsnám. Nemendur fá haldgóðan fræðilegan og hagnýtan grunn í norðurslóðafræðum ásamt aðferðafræði og kenningum félagsvísinda. Námið samanstendur af 90 einingum í námskeiðum og 30 eininga lokaritgerð.
- d. Á eftir núverandi 19. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Diplómanám í norðurslóðafræðum (e. Arctic Studies) er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í alþjóðasamskiptum eða norðurslóðafræðum, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

#### 4. gr.

Á eftir a-lið 1. mgr. 109. gr. reglnanna bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: *Til MT-prófs: Tungumálakennsla.*

#### 5. gr.

Á eftir a-lið 1. mgr. 113. gr. reglnanna bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: *Til MT-prófs: Íslenskukennsla.*

#### 6. gr.

Á eftir a-lið 1. mgr. 115. gr. reglnanna bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: *Til MT-prófs: Heimspekikennsla og sögukennsla.*

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. reglnanna:

- a. Á eftir a-lið í 1. mgr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: *Til MT-prófs: Sérkennslufræði og skóli margbreytileikans.*
- b. Á eftir 7. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Til MT-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu B.Ed.-prófi í kennaranámi, eða bakkalárprófi í þroskaþjálfarafræði, uppeldis- og menntunarfræði eða skyldum greinum. Nám til MT-prófs er á stigi 2.1 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Það telst því viðbótarpróf á meistarastigi og veitir ekki aðgang að doktorsnámi.
- c. Á eftir núverandi 15. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í sérkennslufræði og skóla margbreytileikans er sjálfstætt 60 eininga nám á meistarastigi.

- d. Á undan núverandi 16. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er sjálfstætt 60 eininga nám á meistarastigi.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. janúar 2021.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2021